

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 4. desember 2018
Tilvísun: 2018040310/23.0

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur aukna vatnstöku i Vatnsendakrikum í Heiðmörk, Reykjavík.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 5. nóvember 2018 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), þar sem óskað er skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 60/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

umsagnar um mat á umhverfisáhrifum vegna aukinnar vatnstöku Veitna í Vatnsendakrikum Heiðmörk. Veitur ohf. eru framvæmdaraðili fyrirhugaðrar aukningar vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja, þ.e. frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum, *Vatnsendakrikar í Heiðmörk, Reykjavík- aukning á vatnstöku* unnin af verkfræðistofunni Mannviti fyrir Veitur, dags. nóvember 2018 og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í umsögninni er óskað eftir því hvort HER telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig er óskað eftir því hvaða leyfum framkvæmdin er háð hvað varðar HER.

Vatnstaka á höfuðborgarsvæðinu byggir á vinnslu úr annars vegar Elliðavatnsstraum sem fæðir vatnsbólin í Gvendarbrunnum, Jaðri og Myllulæk (neðra vatnstökusvæðið Reykjavíkur) og hins vegar Kaldárstraum sem fæðir Vatnsendakrika (efra vatnstökusvæði Reykjavíkur) og Kaldárbotna. Straumarnir liggja saman og hafa því áhrif hvor á annan. Þrjár vatnsveitur taka vatn úr Kaldárstraum en það eru Orkuveita Reykjavíkur (OR), Vatnsveita Kópavogs og Vatnsveita Hafnarfjarðar. Eins og fram kemur í frummatsskýrslu gæti aukin vatnstaka úr Vatnsendakrikum helst haft áhrif á vatnsvinnslu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum.

Að mati HER er í frummatsskýrslu gerð ítarleg grein fyrir samspili vinnslu, vöktunar og hugsanlegum áhrifum á vatnstökusvæðið í Kaldárbotnum og kemur skýrt fram að með mótvægisáðgerðum og vöktun verði hægt að koma í veg fyrir umtalsverð umhverfisáhrif á svæðinu, m.a. með því að nýta vatn á neðra vatnstökusvæði Reykjavíkur þegar mestar líkur eru á niðurdrætti í Kaldárbotnum. Með aukinni vinnslugetu á efra svæðinu í Vatnsendakrikum verður auðveldarara fyrir Veitur í hlakutið að forðast að nýta sér vatn af neðra vatnstökusvæðinu, sem eins og dæmin sýndu í janúar sl. að eru viðkvæmari fyrir mengun af völdum jarðvegsgerla. Skv. frummatsskýrslu er aukin vatnstaka á þessum tíma hagstæð vegna hárrar grunnvatnsstöðu og því takmörkuðum áhrifum á vatnstökusvæði nágrennasveitarfélaganna.

Framkvæmdin er háð tímabundnu starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis. Flest allar framkvæmdir við vatnsveitu vegna fyrirhugaðrar virkjunar kaldavatsborhola VK2, VK3 og VK4 í Vatnsendakrikum í landi Reykjavíkur af hálfu Veitna hafa þegar farið fram og gildir starfsleyfi HER þar um til 17. apríl 2019. Framkvæmdinni voru sett sértæk skilyrði í starfsleyfi m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr.555/2015 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og í samræmi við 56. gr. samþykktarinnar skiluðu framkvæmdaaðilar inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi fyrir starfseminni. Framkvæmdaleyfi útgefið af skipulagsfulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er í gildi frá 1. ágúst 2016 og byggingarleyfi fyrir borholurnar frá júlí 2015.

Samkvæmt frummatsskýrslu liggur fyrir áhugi á náinni samvinnu milli vatnsveitnanna þriggja í þessum málum. HER tekur að öðru leyti undir umsögn heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis, dags. 28. nóvember 2018 en þar kemur m.a. fram að sameiginleg vöktunaráætlun sé til staðar af hálfu Veitna og Vatnsveitu Kópavogs en að eðlilegt væri að Vatnsveita Hafnarfjarðar verði einni hluti af þeirri vöktun, eins og fram kemur í frummatsskýrslu að sé ætlunin.

HER ítrekar það sem áður hefur komið fram í umsögnum að hafa verður að leiðarljósi að vernda til framtíðar aðgengi að hreinu grunnvatni til vatnstöku sem ekki þarfnast sérstakrar meðhöndlunar gagnvart neyslu á höfuðborgarsvæðinu og er markmiðið að neysluvatn höfuðborgarbúa verði ómeðhöndlað til allrar framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að ganga varfærnislega til allra framkvæmda er varða vatnsauðlindina.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi